

Nr. 19-003 S 002 Kristín GK 457**Vélarvana og dreginn í land**

Skipaskr.nr. 0972
Smíðaður: Elbewerft Þýskalandi 1965, stál
Stærð: 256,44 brl. 400,98 bt.
Mesta lengd: 41,71 m *Skráð lengd:* 38,40 m
Breidd: 7,20 m *Dýpt:* 6,10 m
Vél: M.Blackstone 589 kW, 1982.
Fjöldi skipverja: 14



Kristín GK © Fiskifrétir

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi þann 1. febrúar 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 20. janúar 2019 var Kristín GK 457 á línuveiðum út af Garðskaga. Veður: SV 13 m/sek.

Á veiðunum missti aðalvélin kælinguna og yfirhitnaði. Vélstjórinn stöðvaði hana og við skoðun kom í ljós að kælivatn var komið inn einn strokkinn og ekki var ráðlegt að ræsa aftur. Óskað var eftir aðstoð og varðskipið Týr dró Kristínu til hafnar í Hafnarfirði.

Við rannsókn kom fram:

- að pakkning á strokkloki nr. 5 fór að leka og loft komst inn á kælidælu;
- að við viðgerðina kom í ljós að pakkning á strokkloki nr. 1 var einnig orðin óþétt og sprunga í öðru strokkloki;
- að skipt hafði verið um allar strokklospakkningar á vélinni í júní 2018 og komu allir varahlutir frá vélarframleiðanda.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.